

Laugardaginn 2. mars 1974.

**Nr. 155/1972: Hörður G. Albertsson og
Dánarbú Guðmundar Albertssonar**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Síldarvinnslunni h/f
(Ólafur Ragnarsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Toria-
son.

Skuldamál. Samningar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. nóvem-
ber 1972. Krefjast þeir þess aðallega, að stefnda verði dæmt
að greiða þeim £ 19.347.75 auk „1% dráttarvaxta fyrir hvern
mánuð eða brot úr mánuði af £ 16.359.16s. 9d. frá 1. janúar
1968 til 1. janúar 1969, en af £ 19.347.15s. 0d. frá þeim degi
til 1. maí 1973 og 11/2% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð
eða brot úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðslu-
dags.“ Til vara krefjast áfrýjendur þess, að stefnda verði
dæmt að greiða þeim kr. 4.066.897.07 auk „1% dráttarvaxta
fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af ísl. kr. 3.432.531.87
frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af ísl. kr. 4.066.897.07
frá þeim degi til 1. maí 1973 og 11/2% dráttarvaxta fyrir
hvern mánuð eða brot úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim
degi til greiðsludags.“ Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur
málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.
Jafnframt krefjast áfrýjendur „sýknu af öllum kröfum
stefnda“.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-
kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hörður G. Albertsson og Guðmundur Albertsson hafa um
nokkurt skeið rekið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð út-
flutningsverslun með sjávarafurðir. Guðmundur Albertsson

andaðist 11. desember 1970, og tók dánarbúi hans við málinu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Aðiljar eru sammála um, að áfrýjandi hafi haldið eftir af greiðslum til stefnda vegna seldra síldar- og loðnuafurða samtals kr. 2.367.556.23.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, seldu áfrýjendur á árunum 1967 og 1968 nokkurt magn af síldarmjöli til Englands fyrir stefnda. Var sá háttur á hafður, að áfrýjendur seldu hinum bresku kaupendum síldarmjölið í eigin nafni, en staðfestu söluna jafnframt skriflega við stefnda. Stefndi samþykkti síðan viðskiptin með áritun á hina skriflegu staðfestingu. Gerðir voru fjórir slíkir samningar á árinu 1967 um síldarmjölsframleiðslu stefnda á því ári og að nokkru á árinu 1968. Skyldi stefndi afhenda meginhluta síldarmjölsins á árinu 1967, en lítið magn á árinu 1968. Þá gerðu aðiljar einn slíkan samning á árinu 1968 um síldarmjöl, er stefndi framleiddi á því ári, og skyldi það mjöl afhent sama ár. Eins og rakið er í héraðsdómi, er sá fyrirvari í öllum samningunum, að „magnið verði framleitt“. Er ljóst varð síðla árs 1967, að stefndi mundi eigi fullnægja samningum þess árs, kveðast áfrýjendur hafa samið svo um við hina erlendu kaupendur í desember 1967, að afhending mjölsins mætti dragast fram á árið 1968 og að loðnumjöl mætti að nokkru koma í stað síldarmjöls. Þáverandi framkvæmdastjóri stefnda kveðst hafa fallist á þessa ráðstöfun. Engin skrifleg gögn hafa verið lögð fram um samkomulag þetta, og margt er óljóst um efni þess. Áfrýjendur telja, að stefndi hafi aðeins staðið við samkomulag þetta að litlu leyti. Einnig halda þeir því fram, að stefndi hafi vanefnt afhendingu á síldarmjöli á árinu 1968 samkvæmt samningi þeim, sem gerður var það ár.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, halda áfrýjendur því fram, að verulegur misbrestur hafi orðið á því, að stefndi léti af hendi allt það mjöl, sem skylt var, til efnda á gerðum samningum, og það enda þótt fullt tillit sé tekið til þess fyrirvara, sem gerður var um áhrif aflabrests á samningsskyld-

ur stefnda. Þessar vanefndir hafi haft það í för með sér, að áfrýjendur, sem selt höfðu hinum erlendu kaupendum mjölið í eigin nafni, hafi orðið skaðabótaskyldir gagnvart þeim fyrir það tjón, sem kaupendur biðu af þessum sökum. Fyrir þeim skaðabótum öllum sé stefndi ábyrgur gagnvart áfrýjendum. Krefjast áfrýjendur skuldajafnaðar þeirrar kröfu sinnar við kröfu stefnda um ógöldið andvirði seldra afurða, en sjálfstæðs dóms um afgang kröfunnar.

Af gögnum máls er ljóst, að framangreindir kaupsamningar um síldarmjöl voru gerðir við tvo breska kaupendur. Voru tveir samninganna gerðir við fyrirtækið David Geddes (Proteins) Ltd. í Lundúnum, en þrír við Barber & Garratt Ltd. í Liverpool. Verður ekki annað séð en að fyrirtækið David Geddes & Son Ltd. hafi samið við kaupendur í nafni áfrýjenda. Helstu gögn um skaðabótagreiðslur áfrýjenda vegna vanefnda þessara samninga eru tvær yfirlýsingar frá hinum bresku kaupendum, er lagðar hafa verið fyrir Hæstarétti. Eru þær þess efnis, að þeir hafi mótttekið bætur frá fyrirtækinu David Geddes & Son Ltd. vegna vanefnda á afhendingum íslensks síldarmjöls, Barber & Garrett Ltd. £ 22.850.00, en David Geddes (Proteins) Ltd. £ 21.976.00. Í yfirlýsingum þessum er hins vegar engin grein gerð fyrir tengslum greiðslna þessara við samninga þá, sem í málinu greinir. Þá hefur og verið lagt fram í Hæstarétti bréf David Geddes & Son Ltd. frá 27. apríl 1972 til áfrýjenda, sem er samhljóða því ódagsetta „telex“-skeyti, sem efnislega er rakið í hinum áfrýjaða dómi.

Hvorki framangreind skjöl né önnur gögn málsins veita viðhlítandi upplýsingar um skaðabótagreiðslur áfrýjenda til kaupenda vegna vanefnda stefnda á margnefndum samningum. Eru gagnkröfur áfrýjenda svo vanreifaðar að þessu leyti, að vísa verður þeim frá héraðsdómi. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um fjárkröfu stefnda á hendur áfrýjendum.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda kr. 250.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Framangreindum kröfum áfrýjenda, Harðar G. Al-

bertssonar og dánarbús Guðmundar Albertssonar, er vís-
að frá héraðsdómi.

Afrýjendur greiði stefnda, Síldarvinnslunni h/f, kr. 2-
367.556.23 auk 7% ársvaxta af kr. 275.955.27 frá 19. des-
ember 1967 til 22. desember s. á., af kr. 457.860.67 frá
þeim degi til 29. desember s. á., af kr. 795.385.55 frá þeim
degi til 22. mars 1968, af kr. 1.811.931.18 frá þeim degi til
10. apríl s. á., af kr. 2.496.182.76 frá þeim degi til 20. maí
s. á., af kr. 2.819.560.83 frá þeim degi til 26. nóvember
s. á., af kr. 2.019.560.83 frá þeim degi til 4. janúar 1969
og af kr. 2.367.556.23 frá þeim degi til greiðsludags.

Afrýjendur greiði stefnda kr. 250.000.00 í málskostnað
í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 4. október 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Síldarvinnslan h/f
í Neskaupstað fyrir sjó- og verslunardóminum með utanréttar-
stefnu, birtri 18. mars 1969, á hendur útflutningsfirmanu G. Al-
bertssyni í Reykjavík, Guðmundi Albertssyni, Miðtúni 4, og Herði
G. Albertssyni, Reynimel 38, báðum í Reykjavík, in solidum til
greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 2.019.560.83 með 1% dráttarvöxt-
um fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 275.955.27 frá
29. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 181.905.40 frá 22. des-
ember 1967 til greiðsludags, af kr. 337.524.88 frá 29. desember
1967 til greiðsludags, af kr. 1.016.545.63 frá 22. mars 1968 til
greiðsludags, af kr. 684.251.58 frá 10. apríl 1968 til greiðsludags,
af kr. 323.378.07 frá 20. maí 1968 til greiðsludags, en af frádregnum
vöxtum af innborgun kr. 800.000.00 frá 26. nóvember 1968
til greiðsludags, svo og til greiðslu á málskostnaði að skaðlausu
að mati dómsins.

Stefndu kröfðust sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar
úr hans hendi að mati dómsins.

Í þinghaldi 14. desember 1970 hækkaði stefnandi fjárhæð dóm-
kröfu sinnar með samþykki stefndu án framhaldsstefnu í kr. 2.-

367.556.23 og sömu vaxta sem fyrr af mismuninum, kr. 347.995.00, frá 4. janúar 1969 til greiðsludags, en hélt að öðru leyti við upphaflegu dómkröfur sínar.

Með stefnu, útgefinni 12. október 1970, höfðuðu stefndu gagnsök á hendur stefnanda og gerðu þær dómkröfur í gagnsökinni, að gagnstefndi yrði dæmdur til að greiða aðallega £ 19.347.15s 0d, en til vara íslenskar kr. 4.066.897.07. Í fyrra tilvikinu er krafist 1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af £ 16.329.16s 9d. frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af £ 19.347.15s. 0d. frá þeim degi til greiðsludags. Af varakröfunni er krafist sams konar vaxta af íslenskum kr. 3.432.531.87 frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af íslenskum kr. 4.066.897.07 frá þeim degi til greiðsludags. Hvort sem reynir á aðalkröfu eða varakröfu er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Gagnstefndi krafðist aðallega sýknu bæði af aðalkröfu og varakröfu gagnstefnanda, en til vara, að gagnstefnukrafan verði stórkostlega lækkuð, svo og krafðist hann málskostnaðar í báðum tilvikum að mati dómsins.

Tildrög málsins eru þau, að á árinu 1967 önnuðust gagnstefnendur sölu á síldarmjöli fyrir aðalstefnanda af framleiðslu þess árs, en gagnstefnendur höfðu annast slíkar sölur fyrir aðalstefnanda allt frá árinu 1959—1960 í frjálsri samkeppni við aðra útflytjendur hér á landi. Kaupendur á þessu tímabili voru yfirleitt hinir sömu, en það eru myllueigendur í Bretlandi, Svíþjóð, Danmörku og Hollandi, en þeir hafa malað mjölið í myllum sínum, blandað það öðrum efnum og selt það síðan á neytendamarkað. Gerðir voru fjórir samningar milli aðiljanna um sölu á síldarmjöli á árinu 1967. Samkvæmt fyrsta samningnum, dags. 22. og 23. mars 1967, staðfestu gagnstefnendur að hafa selt fyrir aðalstefnanda 2450/2800 tonn. Það sérákvæði var í niðurlagi samningsins, að hann sé háður því skilyrði, að hið selda magn verði raunverulega framleitt, enda afhendist það af fyrstu framleiðslu seljenda af síldveiðum 1967. Samkvæmt öðrum samningnum, dags. sama dag, staðfestu gagnstefnendur sölu á 1400 tonnum. Í niðurlagi samningsins er sama sérákvæði og áður, en jafnframt er sá fyrirvari gerður, að umsamið magn afhendist næst á eftir fyrst framleiddum 4000 tonnum af síldarmjölsframleiðslu aðalstefnanda, en þar með nam ráðgerð framleiðsla aðalstefnanda umrætt ár 5400 tonnum. Þriðji samningurinn er dags. 6. apríl 1967, en samkvæmt honum staðfestu gagnstefnendur sölu á 600 tonnum. Sérákvæði í niðurlagi

samningsins er samhljóða næsta samningi á undan, þó svo, að áskilinn er afhending magnsins næst á eftir fyrst framleiddum 5400 tonnum, en þar með nam ráðgert framleiðslumagn aðalstefnanda umrætt ár 6000 tonnum. Fjórði samningurinn er dags. 18. maí 1967, en samkvæmt honum staðfestu gagnstefnendur sölu á 2700 tonnum. Í sérákvæðinu í niðurlagi samningsins er áskilið, að magn þetta afhendist næst á eftir fyrst framleiddum 6000 tonnum, en þar með nam ráðgert framleiðslumagn stefnanda 8700 tonnum. Samkvæmt þessu var aðalstefnandi skuldbundinn til að fullnægja kaupendum samkvæmt greindum samningum um allt að 8700 tonnum af fyrstu framleiðslu sinni af síldarmjöli vegna síldveiða 1967, þannig að öll framleiðsla frá 4000 tonnum að því magni færi til þeirra óskert, en allt að 2800 tonnum af fyrstu 4000 tonnum framleiddum. Reyndin varð sú, að síldveiði brást verulega árið 1967 frá því, sem verið hafði árið á undan. Leiddi þetta til þess, að aðalstefnandi átti í einhverjum erfiðleikum með að uppfylla gerða samninga og afhenda mjöl samkvæmt þeim á þeim tíma, er samningarnir gerðu ráð fyrir. Aðiljar gerðu síðan sams konar sölusamning, dags. 7. mars 1968, um 3000 tonn af síldarmjöli af framleiðslu 1968, og skyldi það magn vera af fyrstu framleiðslu aðalstefnanda af sumarsíldveiðum það ár. Afskipun skyldi vera 600 tonn á mánuði í júní til október 1968. Er málið risið af þessu tilefni, og skýrast atvik þess nánar í skýrslum aðilja og greinargerðum, sem taka að nokkru jöfnu til beggja sakanna, og verður þetta nú rakið.

Í aðiljaskýrslu Harðar G. Albertssonar framkvæmdastjóra, dags. 5. júní 1969, segir svo:

„Með sárafaðum minnihátta undantekningum hafa viðskiptin gengið árekstralaust þangað til árið 1967. Það ár, eins og flest ofangreind fyrri ár, höfðum við selt fyrstu framleiðslu verksmiðjunnar af síldarmjöli til sömu kaupenda og venjulega. Eins og flestum mun kunnugt, varð árið 1967 hið fyrsta ár um all langan tíma, sem veiði á síld fór snarminnkandi. Selt hafði verið með framleiðslu fyrirvara eins og venja hafði á komist undanfarin ár. Því þó svo, að yfirleitt hafi verið (og sé nú) erfitt að selja með fyrirvara um framleiðslu, þá er þess hér að gæta, að kaupendur höfðu þá þegar um 4—7 ára skeið keypt framleiðslu þessarar verksmiðju, og hún hafði aldrei brugðist þann tíma. Ca. seint í september/byrjun október 1967, einmitt á þeim tíma, sem veiði glæddist það ár, átti forstjóri S.V.N. (Síldarvinnslunnar h.f., Neskaupstað) tal við undirritaðan af tilefni þess, að verksmiðjan

átti þá kost á að selja á nokkuð betra verði 1000 tonn af mjöli til Austur-Þýskalands og 750/1000 tonn til annarra. Undirritaður tók skýrt fram, að færi svo, að verksmiðjan gerði þetta (um var að ræða mjöl þegar framleitt upp í bundna samninga við okkur, en sölumöguleiki verksmiðjunnar til hinna aðilanna byggðist á afskipun þá mjög fljótlega), þá yrðu þeir að gera sér fullljóst, að færi svo, að veiði brygðist, þá yrði verksmiðjan bundin við samninginn við okkur fyrirvaralaust, þar sem mjölið hafði raunverulega þegar verið framleitt. Undirritaður benti mjög skýrlega á, að svo gæti farið, ef veiði brygðist, að slíkt gæti orðið verksmiðjunni miklu dýrara heldur en að missa af stundarhagnaði af sölum þessum. Forstjóri S.V.N., hr. Hermann Lárusson, lét þá þau orð falla, að hann réði ekki við aðgjörðir um a. m. k. sölu til Austur-Þýskalands, því formaður stjórnar verksmiðjunnar hefði beinlínis lagt fyrir sig, að salan yrði gjörð þrátt fyrir ábendingar forstjórans um gildandi sölusamninga við okkur. Stjórn verksmiðjunnar hefði því í samræmi þar við lagt fyrir sig að gjöra sölu. Sjálfur sagðist forstjórinn hafa bent eindregið á hættu þá, sem skapast kynni af þessu, ef veiði brygðist, en hann hefði verið algjörlega ofurliði borinn af stjórn sinni. Sala þessi var því gjörð, svo og mun einnig hafa verið gjörð sala á öðrum 750/1000 tonnum til annars/annarra útflytjenda í Reykjavík.

Um mánaðamót október/fyrri hluta nóvember 1967 var að verða ljóst, að óhjákvæmilega sýndist, að verða mundu verulegar vanefndir í mjölsamninga við okkur, sem að magni til samsvöruðu raunverulega rúmlega því magni, sem selt hafði verið öðrum. Í beinu réttleysi við fyrirframsölusamning við okkur. Vonir voru þó enn bundnar við, að veiði kynni að glæðast í lok nóvember/desember, eins og komið hafði fyrir áður. En allur nóvember leið svo og desember, án þess að úr rættist.

Kaupendur okkar sýndu allan tímann einstakt langlundargeð. En svo kom, að þeir sögðu sér þann einan kost færan að kaupa nauðþurftir sínar annars staðar (danskt og/eða norskt mjöl) til þess að halda myllum sínum gangandi. Kaupendur voru neytendur, sem urðu að fá mjöl, nægði ekki bara verðmismunur í skaðabótageiðsluna. Vegna mjög náinna tengsla og góðra sambanda við hina endanlegu kaupendur tókst okkur að fá vilyrði þeirra fyrir framlengingu á afhendingum og þola með því móti hverfandi litlar bótageiðslur miðað við það, ef þeir dekkuðu á okkur magnið annars staðar, eins og þeir höfðu fullan rétt til skv. gildandi samningsgrundvelli, sbr. L.C.F.T.A. No. 10 (á öllu mjöli til

Bretlands svo og Svíþjóðar samkv. sérákvæði). Undirritaður ræddi málið við forstjóra S.V.N., lagði fyrir hann dæmið eins og á stóð, að yrði dekkjað á okkur, mundi geta orðið um að ræða samnings-rofabætur upp á 2 til 3 milljónir. En yrði farin samningsleiðin, með frestun á afhendingum, mundi bótaábyrgðin í raun varla verða yfir 3 til 5 hundruð þúsund krónur, mest vaxtatap. Kaupendur mundu þá fá greiðslufrest á þegar afhentum, en óuppgerðum afhendingum, sem fram fóru í lok október og byrjun nóvember, því með því gætu þeir „finanserað“ dekkunarkaup annars staðar án frekari kostnaðar fyrir S.V.N. Síðan mundu þeir við hverja afskipun greiða ákveðinn, síðar ákveðinn hluta af hinum óuppgerðu afskipunum, og í síðasta lagi fulla greiðslu þeirra við fullnustu afhendingar upp í hina vanefndu samninga. Þetta var kaupendum mögulegt vegna þess, að með því að geta reiknað sig örugga um að fá mjölið, að sjálfsögðu á upprunalegu samningsverði, þá mundu þeir ekki verða fyrir neinu raunverulegu fjártjóni, því þó mjölverð hefði hækkað, þá mundu þeir fá mjölið á upprunanlegu samningsverði á afhendingartíma, sem mjölverð var svo og svo miklu hærra á því, sem neytendur urðu þeir hvort sem var að halda áfram að kaupa á komandi ári á markaðsverði. Undirritaður fór utan í lok desember 1967 í þeim erindagjörðum að ganga frá slíku samkomulagi. Förin var farin eftir nákvæmar viðræður við S.V.N., og í fullu umboði S.V.N. til að ganga svo frá samningum, að S.V.N. yrði sparað sem allra mest hugsanleg bótaábyrgð með því að ná samningum um, að ofangreind framkvæmd um framlengingu afhendinga yrði við höfð.

Förin bar þann árangur, sem óskað hafði verið eftir, og fékkst framlengd afhending út árið 1968, eftir því sem með þurfti. Fyrri hluta mars var afskipað í samræmi við sakomulag þetta svo og í lok mars mánaðar. Öll framkvæmd var í fullu samræmi við þann samning, sem gjörður hafði verið um framlenginguna. Og öll önnur samskipti firma okkar og S.V.N. voru óbreytt og eðlileg út júnímánuð/byrjun júlí 1968. En þá hætti forstjóri S.V.N. störfum hjá verksmiðjunni, óbeint af upprunalegum eiginhvötum, en þó jafnframt beinlínis af hvötum formanns stjórnar eða stjórnarinnar í heild, því forstjóri hafði dregist á um við formann stjórnarinnar að halda áfram störfum samkvæmt beiðni formanns stjórnarinnar, en forstjóri var síðan sniðgenginn og beinlínis útilokaður frá fundarsetu, þar sem út um málið var gjört, með því að fundurinn var haldinn að honum óboðuðum.

Hinn nýji forstjóri var strax í byrjun fús til fulls samstarfs í

samræmi við samkomulag það, sem gjört hafði verið, þegar er hann hafði fengið tíma til að setja sig inn í málið. En er á ágúst mánuð leið, og veiði hélst ennþá sama og engin og því ekki möguleiki á að afskipa til efnda hinna vanefndu samninga og með því fá inn greiðslur af útistandandi fé, virðist sem farið hafi svo að kreppa að S.V.N., að stjórnin hafi kosið þá leið að reyna að losa sig út úr skuldbindingum sínum við okkur með gjörbreyttri túlkun á málinu, samanber skeyta- og bréfaskipti bæði um samkomulagið sem slíkt svo og magnákvörðun á hluta af þegar afhentu magni af upprunalegum samningum. Undirritaður marg benti hinum nýja forstjóra á svo og formanni stjórnar S.V.N. í viðtali á skrifstofu okkar og í síma síðar, að S.V.N. gæti ekki einhliða rift þeim gjörningi eða gjörningum, sem gjörðir höfðu verið, meðan gagnaðili stæði við sinn hluta. Gjörningar fyrri forstjóra fyrir hönd S.V.N. væru bindandi ekki bara fyrir hinn nýja forstjóra S.V.N., heldur að sjálfsögðu einnig fyrir stjórn S.V.N. sem heild. Um miðjan ágúst lét forstjóri S.V.N. okkur vita, að hann, eða stjórn sín, hefði ákveðið að láta annan aðila fá mjöl af framleiðslu 1968. Í skeyti 17. ágúst 1968 mótmæltum við slíkum vanefndum við okkur og lýstum S.V.N. ábyrga á þessum aðgerðum.

Eftir allmikið þras fór fram í lok september/byrjun október afskipun bæði í samræmi við upprunalega sölusamninga svo og í samræmi við umrætt áður gjört samkomulag. Í september og október lýstu S.V.N. yfir því, að þeir teldu niðurfallna samninga fyrir 1968 framleiðslu að þeim hluta að fullu, sem ekki hefði framleidd fyrir lok áætlaðs tímafrests um afskipun. Við höldum því fram, að þó svo að tiltekinn væri áætlaður tímafrestur um afskipun, þá hefði ávallt verið venja hér í slíkum tilvikum, þar sem um væri að ræða afskipanir í röð yfir langt tímabil, að framlangja afskipunarfrestinn. En þar að auki væri í tilfelli sölusamnings við okkur beinlínis tekið fram sérstaklega, í sérákvæði, að magnið ætti „enda að afhendast af fyrstu framleiðslu seljanda.“

Um mánaðamót október/nóvember 1968 kom aftur upp til athugunar hjá S.V.N. að afhenda öðrum útflytjanda framleitt mjöl-magn 1968 framhjá gildandi samningum við fyrirtæki okkar. Með skeyti 5. nóvember óskuðum við eftir, að S.V.N. gæfi upp formlega framleitt magn miðað við lok fyrstu viku nóvember.

Vegna kergju þeirrar og áberandi tilrauna til mistúlkunar, sem komið var í samskipti aðila um túlkun bæði um magn og eftirstöðvar samninga bæði frá 1967 og 1968 svo og vegna ófullnægjandi upplýsinga/vitneskju um, hvort eða hve mikið magn hefði

verið afhent öðrum framhjá samningsskuldbindingum við okkur, var með skeyti 14. nóvember 1968 formlega áskilið, að fyrir lok mánaðarins yrði komið á algjörlegan hreinan grundvöll, hvenær, hvernig og hvert magn kaupendur fengju af útistandandi samningum frá 1967 og 1968. Jafnframt lýstu kaupendur sig tilbúna til að samþykkja afhendingar fram eftir árinu 1969 til fullnustu greindra vanefnda, hvort sem væri frá 1967 eða 1968.

Þrátt fyrir ítrekaðar áminningar okkar til S.V.N. í lok nóvember mánaðar og fram undir miðjan desember gerði S.V.N. nákvæmlega ekki neitt í þá átt að upplýsa kaupendur um afstöðu S.V.N. til hinna vanefndu samninga frá 1967, né heldur lýstu þeir yfir afstöðu sinni um framleiðslu 1968 og samninga, sem þar um giltu.

Með skeyti 14. desember 1968 tjáðum við okkur fyrir hönd kaupenda því endanlega um málið. S.V.N. voru þó enn skildar eftir opnar dyr til að bjarga að hluta frekari tjóni með því að reyna samkomulag um þær eftirstöðvar, sem ekki var þá búið að dekka á. En S.V.N. sinnti því engu.“

Hörður G. Albertsson staðfesti fyrir dómi skýrslu þessa rétta. Gat hann þess, að áður en hann fór utanlandsferðina, hafi ekki verið neitt um það vitað, hvort eða hvernig samningar tækjust. Eini möguleikinn, sem til hafi verið, hafi verið að reyna að fá kaupendur til að framlengja samningana og hafi það verið hugleiðingar aðilja að reyna að fá kaupendur til að fallast á (sic). Hins vegar hafi samningar í þá átt ekki fengist nema með því skilyrði, sem lýst sé í skýrslunni, en um það hafi ekki verið vitað, fyrr en samningaviðræður hófust við þá erlendis. Hörður kvaðst ekki hafa átt viðræður við stjórn aðalstefnanda um ferð sína utan, en eingöngu rætt við framkvæmdastjórann, Hermann Lárusson, sem hafi tjáð, að samþykki stjórnar aðalstefnanda lægi fyrir um það. Gat hann þess í þessu sambandi, að það sé viðtekin venja í slíkum viðskiptum og hér eigi sér stað, að viðræður fari eingöngu fram við framkvæmdastjóra og prókúruhafa viðkomandi verksmiðju. Þá gat Hörður þess, að samningar séu þannig, að ef magn er tiltekið í einni tölu án frekari ákvæða, þá sé afhending valfrjáls um 5% of eða van. Hins vegar sé ekki um slíkt að ræða, þegar magn er tekið fram í lágmarkstölu og hámarkstölu. Hörður kvað ástæðuna fyrir því, að loðnumjöl, sem sent var með Vatnajökli 29. mars 1968, hafi ekki verið tekið með upp í síldarmjölssamningana, hafa verið þá, að proteininnihald þess hafi verið of lágt og fitumagnið of hátt. Gat hann þess, að ef proteininnihald loðnu-

mjöls fari niður fyrir 66%, geti þeir kaupendur, sem hér áttu hlut að máli, ekki nýtt það. Gat hann þess hins vegar, að gagnstefnendur hefðu getað selt þetta mjöl öðrum kaupanda á góðu verði miðað við þáverandi markaðsverð á loðnumjöli. Kvaðst hann hafa tilkynnt Hermann Lárussyni um þetta allt.

Hermann Lárusson forstjóri kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri fyrirtækis aðalstefnanda þar til í júnímánuði 1968. Sagði hann, að allan þann tíma, sem hann hafi verið framkvæmdastjóri, eða allt frá árinu 1960, hafi fyrirtækið átt töluverð viðskipti við gagnstefnendur. Kvað hann, að allan þennan tíma hafi viðskipti þeirra aðiljanna gengið að mestu snuðrulaust og allur ágreiningur, sem upp hafi komið, hafi verið uppgerður og öll uppgjör farið með eðlilegum hætti. Hann kvaðst hafa heyrt um og vitað, að ágreiningur hafi risið um viðskipti aðiljanna, eftir að hann hætti framkvæmdastjórástöðunni, en hann kvaðst ekki hafa kynnt sér náðið, í hverju sá ágreiningur var fölginn, og því ekki getað skýrt neitt frá um það atriði. Hann sagði, að búið hafi verið að gera nokkra fyrirfram samninga um sölu á mjöli til gagnstefnenda á árinu 1967. Hafi þeir samningar verið gerðir í góðri von um veiði, svo sem verið hafði árið áður. Hins vegar hafi síldveiðar brugðist á þessu ári, svo sem kunnugt sé. Síðar hafi virst veiði ætla að fara að glæðast og í trausti þess, að svo yrði, hafi 1000 tonnum af framleiðslu aðalstefnanda verið seld til Austur-Þýskalands fyrir utan samninga við gagnstefnendur og fyrir herra verð en í þeim samningum var ákveðið. Hafi þetta verið gert í trausti þess, að um áframhaldandi síldveiðar yrði að ræða, og þrátt fyrir aðvaranir Harðar G. Albertssonar, fyrirsvarsmanns gagnstefnanda, um það, hvað af þessu kynni að leiða. Tók hann fram, að kaupendur mjöls fái jafnan upplýsingar um framleiðsluna, þ. e. magn hennar, og fari þær upplýsingar venjulega fram munnlega milli aðilja. Kvaðst hann venjulega hafa gefið umsemjendum sínum þessar upplýsingar. Síðan hafi það verið í desember 1967, að ljóst varð, að síldveiðarnar höfðu brugðist og möguleiki væri ekki á því að standa við gerða samninga um sölu á mjöli. Hafi þeir átt viðræður saman, hann og Hörður Albertsson, um það, hvað hugsanlegt væri að gera til að forðast þau vandræði, sem leiða kynnu af vanefndum aðalstefnanda. Hafi það síðan orðið að samkomulagi milli hans og Harðar og í samráði við stjórnendur aðalstefnanda, að Hörður færi utan til viðræðna við kaupendur þar í þeim tilgangi að ná sem bestum samningum við þá vegna vanefndanna. Hörður hafi síðan farið utan um áramótin 1967/1968. Er Hörður hafi

komið úr þeirri ferð, hafi hann skýrt frá árangri ferðarinnar og sagt, að hann hefði náð samningum við kaupendurna með þeim skilyrðum, að mismunur á fullnaðargreiðslu fyrir afhent mjöl, sem næmi því samningsverði, sem aðalstefnandi hafði selt á, og því verði, sem þeir þyrftu á þessum tíma að kaupa, biði til næstu afhendingar á mjöli til þeirra, en Hermann sagði, að mjöl hefði hækkað töluvert í verði vegna aflabrestsins. Kvað Hermann aðalstefnanda hafa vel mátt við una þessa samninga, þar sem hann hefði getað átt von á mjög miklu fjárhagstjóni vegna vanefndanna. Kvaðst hann ekki hafa vitað fyrirfram, hvaða samningum Hörður gæti náð, en hann hafi farið utan til að firra greiðslu peningafjárhæðar vegna vanefndanna. Kvaðst hann hafa skýrt stjórnendum aðalstefnanda frá þeim samningi, sem Hörður náði við kaupendurna. Sagði hann, að um mánaðamótin febrúar/mars 1968 hafi borist nokkuð magn af loðnu til aðalstefnanda. Kvað hann gagnstefnendum hafa verið afhent mjöl af þeirri framleiðslu og þá upp í hina fyrri samninga, en hann kvaðst ekki muna, hve mikið magn gagnstefnendum var afhent. Kvað hann samninga hafa orðið um það, að loðnumjölið yrði tekið sem hluti af vanefndunum um afhendingu síldarmjölsins og hafi þá verið miðað við magn, þar sem mjölverðið sé ákveðið eftir eiginleikum þess. Tók hann fram, að hann hefði gert sér grein fyrir því um áramótin 1967/1968, að hinir erlendu kaupendur hafi þurft að kaupa mjöl til að sinna skyldum sínum við neytendur í staðinn fyrir mjöl það, sem samningar höfðu verið gerðir um, og á þeim tíma hafi mjölverð verið hærra en um var samið. Þá sagði Hermann, að reynt hafi verið að ná samningum við aðra erlenda kaupendur vegna vanefnda á afhendingu mjöls, en samningar hafi ekki tekist við þá, m. a. finnska kaupendur. Hann kvað sér hins vegar ekki vera kunnugt um, hvort aðalstefnandi hafi orðið að greiða þeim kaupendum skaðabætur vegna vanefndanna, og ekki hafi verið komnar kröfur frá þeim um bætur í starfstíð sinn. Tók hann fram, að sig minnti, að Finnunum hafi verið afhentur hluti af loðnumjöli upp í hina fyrri samninga og hafi málið milli þeirra og aðalstefnanda eitthvað sjatnað við það. Hann kvað hafa verið ljóst um þetta leyti, að bætur vegna vanefnda aðalstefnanda kynnu að nema milljónum króna, og Hörður hafi m. a. farið utan til þess að firra hugsanlegum tjónbótum. Hermann sagði, að í samningum sé ákveðið lágmark afhendingarmagns og hámark og sé það á valdi seljanda, hvað hann afhendir af þessu magni. Hann sé ekki skuldbundinn til að afhenda nema lágmarksmagnið, en geti

þó ráðið, hvort hann afhendir meira upp að hámarkinu. Afhending fram yfir lágmark sé fastbundin við hinn ákveðna samning, en sé ekki hægt að nota sem afhendingu upp í annan síðari samning. Hins vegar gat hann þess, að venja sé að tilkynna kaupanda, að afhendingu upp í ákveðinn samning sé lokið, eftir að lágmarkinu sé náð, og þar af leiðandi geti seljandi ekki síðar borið fyrir sig afhendingu upp í annan samning fram yfir lágmark fyrri samningsins. Hermann kvaðst ekki minnst þess að hafa skýrt viðtakanda framkvæmdastjóra aðalstefnanda, Ólafi Gunnarssyni, frá þeim samningum, sem verið höfðu gerðir við hina erlendu aðilja. Hann kvaðst þó telja það nokkuð víst, að hann hafi gefið Herði Albertssyni upp framleiðslumagn verksmiðjunnar árið 1967, þótt hann minnst þess atviks ekki sérstaklega, en taldi fráleitt, að hann hafi ekki gert það. Kvað hann framleiðslumagnið árið 1967 hafa verið 7034 tonn. Þá kvað hann sér ekki vera annað kunnugt en að loðnumjölinu, sem sent hafi verið með m/s Vatnajökli hinn 29. mars 1968, hafi verið veitt viðtaka upp í fyrri samninga vegna vanefndanna. Þá kvaðst Hermann ekki minnst þess sérstaklega, að hann hafi tilkynnt Herði Albertssyni um það, að verksmiðjan mundi ekki afgreiða meira en lágmarksmagn samkvæmt samningum frá 22/28 mars 1967, þ. e. 2450 tonn, en hann taldi fráleitt, að hann hefði ekki gert það, þar sem vandræði voru á afhendingu þess magns, sem búist hafði verið við, og þar af leiðandi hafði hann viljað hagnýta sér að geta ráðið magninu samkvæmt samningnum. Aðspurður um það af lögmanni aðalstefnanda, „hvort stefnandi hafi verið í vanefndum við kaupendur vegna fyrri samninga, þegar fyrirfram samningurinn um framleiðslu á fyrstu 3000 tonnum til stefnda var gerður?“, kvaðst Hermann ekki geta svarað með fullri vissu, en taldi líklegt, að svo hafi ekki verið, enda hafi þá ekki verið komið fram, hvað mikið magn væri til uppfyllingar vanefndunum. Svaraði hann enn fremur, að þessi fyrirframsamningur um 3000 tonninn hafi verið um sumarsíld, en ekki fyrstu framleiðslu ársins 1968, þar sem þegar hafi verið búið að framleiða loðnumjöl áður. Aðspurður af sama lögmanni, hvort honum hafi verið kunnugt um, hverjar og hve miklar vanefndirnar hafi verið við stefnda, svaraði hann, að það hafi ekki komið fram, hve miklar og í hve miklu magni vanefndirnar voru fólgnar frá stefnanda, en vitað hafi verið um þau 1000 tonn, sem seld voru framhjá samningi við stefndu, þeirra er áður getur, og umdeilanlegt magn, sem hafi verið afgreitt til Ólafs

Gíslasonar & Co. og Bernhards Petersens af loðnumjöli, þ. e. hvort stefndu hafi getað gert kröfu til þess magns. Aðspurður sagði Hermann, að þegar samningur sé gerður og afhendingar miðaðar við ákveðið magn hvern mánuð í nokkra mánuði, og ef ekkert magn er afhent í einn mánuð af tímabilinu, þá hafi hann litið svo á, að magn þess mánaðar væri þar með ekki fallið niður. Hann kvað misjafnlega langan tíma hafa tekið að fá greiðslur, sem skapast hafi af vissum ástæðum. Hins vegar hafi jafnan verið krafist greiðslu og þær inntar af höndum. Tók hann fram, að þær innstæður aðalstefnanda, sem fram komi í skilagreinum á dskj. 6, 7 og 8, hafi myndast vegna þess ástands, sem þá var upp komið, og í sambandi við þá samninga, sem gerðir höfðu verið við hina erlendu kaupendur og að framan er getið.

1. Í málinu liggur fyrir aðiljaskýrsla Ólafs Jóhanns Gunnarssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækis aðalstefnanda, dags. 15. desember 1969, en hún hljóðar svo:

„1. Samningur, dags. 22/28 mars 1967, 2450/2800 tonn. Hér gat seljandi valið um, hvað hann vildi afhenda mikið magn innan þeirra takmarka, sem samningurinn segir til um. Seljandi telur, að aldrei hafi átt að afhenda meira upp í þennan samning en 2450 tonn, enda kominn í nokkra erfiðleika með mjöla-afhendingar, þegar þessu mjöli var afskipað, og alveg fráleitt að ætla, að á meðan svo sé, afhendi seljandi mesta magn, sem afhenda má í einstakan samning.

Ekki kom í ljós, hvernig G. Albertsson hafði skipt afskipuðu mjöli milli samninga fyrr en í lok nóvember 1968, er loksins bærust skilagreininir varðandi óuppgerða samninga.

Þá strax á eftir mótmælir Síldarvinnslan h.f. því í bréfi, dags. 17. desember, að tekið sé svona mikið magn upp í þennan samning. Seljandi telur því, að G. Albertsson hafi skipt afskipuðu mjölmagni rangt og að hann hafi látið 318 tonnum of mikið upp í þennan samning án þess að tala um það við seljanda.

2. Samningur, dags. 22/28 mars 1967, 1400 tonn. Hér telur seljandi sig hafa afhent 163 tonnum of lítið til þess að ná 1400 tonnum. Þó er leyfilegt að afhenda 5% minna magn en samið er um.

Vanefndir seljanda vegna þessa samnings eru því $163.000 \div 70.000 = 93.000$ kg.

3. Samningur, dags. 6/4 1967, 600 tonn. Hér vantar 98 tonn upp

á það, að seljandi hafi afhent 600 tonn. Vanefndir hans eru því þegar reiknaðar með því að afhenda $95\% \ 98 \div 30 = 68$ tonn.

Í greinargerð lögfræðings G. Albertssonar eru 100 tonn afskipuð í Önnu Borg 3/8 1967 talin með í þessum samning, en samkvæmt skilagreinum G. Albertssonar í samningi no. 2, og er hér reiknað með því, að skilagreinar séu réttar.

4. Samningur, dags. 18. maí 1967. Heildarframleiðsla Síldarvinnslunnar 1967 af síldarmjöli var 7047 tonn. Framleiðslutölur G. Albertssonar eru algjörlega úr lausu lofti gripnar, og hefur framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar ekki gefið upp annað framleiðslumagn en að framan greinir, og fyrrverandi framkvæmdastjóri hefur líka í símtali staðfest, að hann hefur ekki heldur gefið G. Albertssyni upp annað framleiðslumagn. Í þennan samning eiga því að afhendast 1047 tonn. Afhent voru 653 tonn. Vantar því upp í umsamið magn 394 tonn.

Varðandi dekkunarkaup kaupanda er það að segja, að ekki er hægt að koma auga á, að kaupandi hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna viðskipta sinna við Síldarvinnsluna, nema hvað varðar magn það, er vantar upp á samningana. Þó kaupandi hafi orðið að kaupa eitthvað dýrara mjöl haustið 1967, þá fékk hann í staðinn veturinn 1968 ódýrara mjöl en markaðsverðið var. Þó hann hafi orðið að leggja fram meira fé fyrr en ella, hefur kaupandi sennilega hagnast á þessum drætti, því mjölverð var hærra, þegar afskipun fór fram en þegar hún átti að fara fram.

Síldarvinnslan h.f. hefur aldrei samþykkt greiðslufrest vegna þessara mjölsamninga, og G. Albertsson hafði ekkert umboð til þess að semja um það né annað.

Yfirlit yfir eftirstöðvar mjölsamninga lítur því þannig út.

Vanefndir eru í samning	2	93 tonn
	3	68 —
	4	394 —

555 tonn

Á móti koma of mikil afhending vegna samnings

No. 1 318 tonn

Afskipað með Selá 18/1 1968 175 —

493 tonn

Mismunur er því 62 tonn, og er minni en í bréfi, dags. 17. desember 1968, vegna þess að hér er tekið tillit til ákvæða samninga um 5% meira eða minna magn.

Sú ráðstöfun kaupanda að hafna mjöli, sendu með Vatnajökli 29/3 1968, vegna gæða er mjög vítaverð. Seljandi afhenti vöruna til kaupanda aðeins vegna þess, að hún átti að ganga upp í áður gerða samninga við hann. Hefðu afhendingar seljanda verið meiri en um var samið, ef þessi farmur væri tekinn með. Eðlilegt hefði verið, að venjulegur afsláttur væri veittur kaupanda vegna hámarks fitu í þessu mjöli, en óeðlilegt, að kaupandi neiti vörunni alveg.

Eins og fram hefur komið hér á undan, eru vanefndir Síldarv. vegna mjölsamninga 1967 óverulegar.

Kröfugerð G. Albertssonar í þessu máli var alltaf slík, að þar gat aldrei komið neitt samkomulag til greina.

Framleiðslumagn Síldarvinnslunnar á síldarmjöli 1967 var G. Albertss. gefið upp hvað eftir annað haustið 1968 og að lokum í bréfi 17. desember 1968, þar sem G. Albertsson tók aldrei neitt tillit til þessara upplýsinga, var aldrei um neinn samningsgrundvöll að ræða.

5. Samningur gerður 7. mars 1968, 3.000 tonn. Framleiðsla til 1. nóvember var 465 tonn, en lengra nær þessi samningur ekki. Heildarframleiðsla Síldarvinnslunnar var 590,5 tonn. Þar sem fyrrnefndur samningur náði ekki nema til október, taldi seljandi sig hafa leyfi til þess að ráðstafa nóvember og desember framleiðslu eins og hann taldi heppilegast. Vanefndir vegna þessa samnings eru því um 10 tonn. Heildarvanefndir eru því 72 tonn, og er það magn ekki í neinu samræmi við kröfugerð G. Albertssonar, eins og komið hefur fram hér á undan.“

Skýrslu þessa staðfesti Ólafur Gunnarsson fyrir dómi að vera rétta. Þar gat hann þess, að framleiðsla verksmiðjunnar hafi verið fengin ýmsum aðiljum til sölu, þ. á m. gegnstefnendum, sem hann sagði að hefðu selt meginhluta framleiðslu verksmiðjunnar undanfarin ár. Gat hann þess, að gagnstefnendum hafi verið kunnugt um, að verksmiðjan hafi skipt við aðra aðilja um sölu framleiðslunnar á þessum árum. Þá gat hann þess, að þar sem í þriðja tölu lið í skýrslunni um 100 tonn afskipuð í m/s Önnu Borg, þá sé um að ræða millifærslu. Samkvæmt skilagrein frá gagnstefnendum, sem aðalstefnandi hafi fengið, hafi 100 tonn með m/s Önnu Borg

verið talin með upp í samning samkvæmt tölulið 2 í aðiljaskýrslunni, en samkvæmt mjölyfirliti verksmiðjunnar (dskj. nr. 28) og í greinargerð gagnstefnanda séu umrædd 100 tonn talin í samningi samkvæmt tölulið 3 í aðiljaskýrslunni. Sagði Ólafur, að mjöl það, sem gagnstefnendur hefðu hafnað og sent hafi verið með Vatnajökli 29. mars 1968, hafi verið loðnumjöl. Kvað hann öllum hafa verið kunnugt, að það hafi verið annað en síldarmjöl. Hins vegar hafi efnagreiningar mjölsins borið með sér, að það var mjög líkt og annað mjöl, sem gagnstefnendur hefðu tekið við. Hann kvaðst ekki hafa verið framkvæmdastjóri aðalstefnanda á því tímabili, sem hér umrædd söluviðskipti áttu sér stað. Hann hafi tekið við því starfi í júní 1968. Sagði hann, að hann hafi í aðiljaskýrslu sinni stuðst við bókhald fyrirtækisins og samtöl við fyrrverandi framkvæmdastjóra, Hermann Lárusson.

Aðilja greinir mjög á um framleiðslumagn aðalstefnanda á fiskimjöli á árunum 1967 og 1968, en á því byggist, í hve miklu magni vanefnd aðalstefnanda nam samkvæmt samningunum. Hafa aðiljar hvor um sig lagt fram fjölmörg gögn til stuðnings fullyrðingum sínum að þessu leyti. Í aðiljaskýrslu Ólafs Gunnarssonar, þeirri er áður er rakin, kemur fram fullyrðing aðalstefnanda um framleiðslumagnið og að hve miklu leyti vanefnd hans var. Í greinargerð gagnstefnanda í aðalsök eru hins vegar þessi atriði rakin og skýrð, og þykir rétt til glöggvunar að taka það upp, en það hljóðar svo:

„Umbj. m. hefur margsinnis skorað á stefnanda að leggja fram fullnægjandi gögn um framleiðslumagn 1967 og 1968, því að þær upplýsingar eru grundvöllur þess, að umbj. m. geti gert sér grein fyrir tjóni viðsemjenda sinna vegna vanefndanna og reiknað það nákvæmlega út.

Umbj. m. hefur að vísu tölur að styðjast við í þessu efni, m. a. frá opinberum aðilum. Þeim tölum ber þó eigi að öllu leyti sam- an. Eftir því sem umbj. m. kemst næst, nam framleiðsla stefnanda á síldarmjöli 1967 7500 eða 8500 tonnum, en 1968 974 eða 605 tonnum. Umbj. m. heldur því fram, að hærri tölurnar séu réttari. Sé árið 1967 fyrst tekið til athugunar, kemur í ljós, að vanafhent magn hefur numið 1922 tonnum miðað við hærri magntölu ársframleiðslunnar, en 922 tonnum miðað við þá lægri. Til glöggvunar fer hér á eftir nákvæm sundurliðun á því, hvernig hið vanafhenta magn 1967 kemur fram:

Samningar '67	Umsamið magn	Afhending eftir framl. magni	Afhent upp í samninga
22/28 mars	2775 tonn	0—4000 ÷ 1225	2778 tn.
22/28 mars	1400 —	4000—5400 ÷ 0	1139 —
6. apríl	600 —	5400—6000 ÷ 0	600 —
18. maí	2700 —	6000—8700 ÷ 200	831 —
	7475 tonn		5348 tn.
	÷ 200 —		
	7275 tonn		

Heildarframleiðsla 1967	8500 tonn
Afskipað samkvæmt framanskráðu	÷ 5348 —

	3152 tonn
Afskipað með m/s Selá 18/1 1968	180 —

	2972 tonn
Til eigin ráðstöfunar fyrir stefnanda af fyrstu 4000 tonum	÷ 1225 —

Sending með m/s Vatnajökli 29/3	1747 tonn
hafnað sem afhendingu upp í samn- inga vegna galla, sbr. dskj. nr. 3.	÷ 175 —

1922 tonn

Sé miðað við lægri magntöluna 7500 tonn, lækkar niðurstöðu-
talan einfaldlega úr 1922 tonnum í 922 tonn.

Til skýringar skal tekið fram, að ágreiningslaust er af hálfu
umbj. m., að rétt efnd á fyrsta samningi 1967 hafi verið 2775.
Varð í reynd 2778, sbr. hér að framan. Mismun 2775 tonna og
4000 tonna af fyrstu framleiðslu var stefnanda frjálst að selja
öðrum, en ekkert af magni umfram 4000 að 8700 tonnum, svo sem
skýrt ræðst af samningunum á dskj. nr. 13—16. Samkvæmt töfl-
unni hér að ofan hefur stefnandi afhent 3 tonn umfram skyldu
skv. 1. samningi, 161 tonn minna en honum bar skv. 2. samningi,
rétt magn skv. 3. samningi og 1669 tonnum of lítið skv. 4. samn-
ingi. Gert er ráð fyrir, að hámarksframleiðslan 1967 hafi verið
8500 tonn. Fullefnd á 4. samningi gerir samtals 8700 tonn, eða
200 tonn umfram framleitt magn, og dregst því sú tala frá.

Varðandi 175 tonn með m/s Vatnajökli er það að athuga, að sú sending fullnægði ekki áskildum gæðum skv. samningi og fór því til kaupenda sem afhending utan samninga. Sending þessi bætist því við vanafhent magn.

Svo sem áður er rakið, var aðeins einn samningur gerður milli málsaðila 1968, dags. 7. mars 1968, að magni 3000 tonn. Stefnandi gerir engar kröfur á grundvelli þess samnings. Eftir því sem um-
bj. m. hefur getað komist næst, var endanlegt framleiðslumagn stefnanda af síldarmjöli 1968 974 eða 605 tonn. Stefnandi afhenti upp í þennan samning alls 455 tonn. Miðað við hærri magnþöluna nemur þá vanafhent magn 519 tonnum, en 150 tonnum miðað við þá síðari.“

Eins og málsatvikum er háttað, þykir henta að dæma báðar sakir í einu lagi, aðalsök og gagnsök. Verða nú rök aðilja rakin fyrir kröfum þeirra.

Krafa aðalstefnanda í aðalsökinni er byggð á skilagreinum frá gagnstefnanda fyrir afhent fiskimjöl samkvæmt samningum aðiljanna (dskj. nr. 3, 4, 5, 6, 7, 8, og 57), en samtals nemur inneign aðalstefnanda hjá gagnstefnendum samkvæmt skilagreinum kröfu-
fjárhæð hans í aðalsökinni, eins og hún er, eða kr. 2.367.556.23.

Sýknukröfu sína í aðalsökinni styðja gagnstefnendur þeim rök-
um, að krafa aðalstefnanda, sem í sjálfu sér sé eigi vefengt, að sé rétt út af fyrir sig reikningslega, sé mun lægri en réttmæt gagnkrafa þeirra á hendur aðalstefnanda á grundvelli vanefnda hans á samningsskyldum sínum. Þeir kveðast vita fyrir víst um það verð, er mjölkaupendur urðu að greiða fyrir það mjöl, sem þeir urðu að kaupa erlendis í stað þess, sem þeir fengu ekki afhent. Sé það allmiklu herra en umsamið verð í samningunum við aðalstefnanda, eða að meðaltali 19s. 6d. pr. einingu protein pr. 1000 kg í stað samningsverðs 16s. og 6d. og 15s. og 9d. pr. einingu pr. 1000 kg, mismunandi eftir samningum. Sé miðað við þennan mun á umsömdu verði og dekkunarverði miðað við framleiðslumagn 1967, sem sé 7500 tonn og þá vanafhent 922 tonn, mundi samningsvirði þess magns nema alls £ 51.712 14s. 0d., en dekkunarverð £ 64.724 8s. 0d. Mismunurinn sé £ 12.012 6s. 0d., eða í ísl. kr. á gengi 210.20 kr. 2.524.985.50 herra dekkunarverð. Sé aftur á móti miðað við framleiðslumagn 1967 sem 8500 tonn, nemi mismunurinn í ísl. kr., kr. 5.362.865.50 herra dekkunarverð. Að því er varðar árið 1968, þá hafi umsamið verð samkvæmt samningnum á dskj. nr. 17 verið 16s. og 9d. og 17s. og 0d. per einingu protein pr. 1000 kg. Dekkunarverð nemi aftur á móti 19s.

og 6d. Miðað við framleitt magn það ár 974 og þar með vanefnt magn 455 tonn nemi umsamið verð £ 31.659 0s. 0d., en dekkunarverð £ 36.433 16s. 0d. Mismunur sé hærra dekkunarverð, sem nemur £ 4.774 16s 0d., eða í ísl. kr. á gengi 210.20 kr. 1.003.663.00. Sé hins vegar miðað við lægri magntöluna, 605 tonn, nemi verðmismunurinn í ísl. kr. 283.770.00, þ. e. dekkunarverðið hærra en hið umsamda verð sem því nemi.

Krafa gagnstefnanda í gagnsökinni er studd sömu rökum, þ. e. að aðalstefnandi hafi vísvitandi og gegn eindregnum ítrekuðum mótmælum þeirra vanefnt fullnustu sölusamninga á síldarmjöli sem gerðir voru milli aðilja á árunum 1967 og 1968, en afleiðing þeirra vanefnda hafi orðið sú, að hinir erlendu kaupendur að mjölinu hafi ekki fengið umsamið mjöl á umsömdu verði til framleiðslu sinnar og af þeim sökum orðið að kaupa mjöl annars staðar í þess stað, er þeir fóru á mis við, til að geta haldið myllum sínum gangandi og fullnægt þörfum sinna kaupunauta. Þeir hafi að sjálfsgöðu þurft að sæta markaðskjörum á því mjöli, er þeir þannig keyptu í staðinn, en þau kaup hafi orðið mun óhagstæðari en þau kjör, sem þeir áttu að njóta í viðskiptum við aðalstefnanda. Til þess að ákveða gagnkröfu hafi verið nauðsynlegt að vita, hvert var framleiðslumagn aðalstefnanda á síldarmjöli umrædd ár 1967 og 1968. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir til aðalstefnanda að leggja fram réttar og óyggjandi framleiðslutölur hefur hann eigi sinnt því. Gagnstefnendur hafi því valið þann kost að miða framleiðslumagnið við uppgæfnar tölur frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda. Nemi framleiðslumagnið samkvæmt þeim tölum 8524 tonnum árið 1967, en 974 tonnum árið 1968. Upp í umsamið magn vanti því 1946 tonn af framleiðslumagni 1967, en 455 tonn af framleiðslumagni 1968, sem aðalstefnandi hafi verið skuldbundinn til að afhenda. Hið hærra verð, sem orðið hafi að greiða fyrir mjölmagn þetta við dekkunarkaup erlendis, hafi numið þeirri fjárhæð, sem aðalstefnandi gerir í upphafi kröfu til greiðslu á í aðalsökinni, kr. 2.019.560.83, og til viðbótar kr. 4.414.892.47, eða samtals kr. 6.434.453.30, en þetta sé nánar sundurliðað á dskj. nr. 49, 50 og 51. Þar til frádráttar beri hins vegar að koma inneign aðalstefnanda samkvæmt skilagrein í apríl 1969, kr. 347.995.40, en það er sú fjárhæð, sem fjárhæð í aðalsök hækkaði um á síðara stigi málsins, svo sem áður greinir. Mismunurinn, kr. 4.066.897.07, sé því sú upphæð, sem gangi af við skuldajöfnuð við upprunanlegu kröfu aðalstefnanda í aðalsök og verði stefnufjárhæð gagnsakar. Er aðallega krafist greiðslu í

sterlingspundum, þar sem kaupsamningar miði við þann gjaldmiðil, bæði samningarnir milli aðilja þessa máls og samningar gagnstefnenda við hina erlendu kaupendur, en greiðsla bóta til dekkunarkaupa hafi farið fram í þeim gjaldmiðli.

Sýknukrafa aðalstefnanda í gagnsökinni er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að gagnstefnendur hafi ekki lagt fram neinar kvittanir eða aðrar sannanir frá hinum bresku kaupendum um að hafa greitt nokkrar bætur til þeirra. Í framlögðum skjölum gagnstefnenda, bæði í aðalsök og gagnsök, komi hvergi fram, að þeir (gagnstefnendur) hafi nokkurn tíma þurft að greiða bætur til breskra kaupenda eða yfirleitt beðið nokkuð tjón vegna vanefnda aðalstefnanda á kaupsamningum þeim, sem um ræðir í málinu. Í annan stað byggir aðalstefnandi sýknukröfu sína á því, að ekki sé sannað, að hinir bresku kaupendur hafi beðið nokkurt tjón vegna vanefnda aðalstefnanda. Um slíkt hafi engin yfirlýsing frá þeim komið eða nokkurt sönnunargagn komið fram, hvorki í aðalsök né gagnsök, sem styðji þá fullyrðingu gagnstefnenda. Varðandi dekkunarkaup hinna bresku kaupenda sé það að segja, að ekki sé hægt að koma auga á, að kaupendurnir hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna viðskipta sinna við gagnstefnendur. Þó kaupandi hafi orðið að kaupa eitthvað dýrara mjöl haustið 1967, sem þó sé ómótmælt sem ósönnuð, þá hafi hann fengið í staðinn veturinn 1968 ódýrara verð en markaðsverðið var. Þó gagnstefnendur hefðu orðið að leggja fram meira fé fyrr en ella, hefðu þeir sennilega hagnast á þeim drætti, þar sem mjölverð hafi verið hærra, þegar afskipun fór fram en þegar hún átti að fara fram.

Til stuðnings varakröfu sinni vísa gagnstefnendur til aðiljaskýrslu Ólafs Gunnarssonar, sem að framan er rakin, um það, í hve miklu magni vanefndir aðalstefnanda hafi verið. Forsendur gagnstefnenda við ákvörðun upphæðar gagnkröfu séu alrangar. Þeir styðjist við uppgefnar tölur frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, en það félag fær sínar tölur frá Fiskifélagi Íslands. Uppgefnar framleiðslutölur Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda hafi þann tilgang einan, að reikna út atkvæðismátt hvers fiskimjölsframleiðanda hjá félaginu. Þær framleiðslutölur séu gefnar út í dreifibréfi og aðeins til félagsmanna félagsins og hafi þær ekkert opinbert gildi og alls ekkert sönnunargildi um endanlegt og rétt framleiðslumagn hvers félags. Telji gagnstefnendur uppgefnar framleiðslutölur aðalstefnanda rangar, þá verði þeir að sanna slíkt, en gagnstefnendur hafi vefengt þessar uppgefnu framleiðslutölur án sérstaks tilefnis og réttlætt m. a. synjun sína

á greiðslu stefnukrafna á röngum uppgefnum framleiðslutölum. Aðalstefnandi verði vissulega ekki skaðabótaskyldur fyrir vanefndir sínar einar saman. Hinir bresku kaupendur eigi því aðeins bótakröfurétt, að þeir sanni tjón vegna vanefndanna, en það hafi þeir aldrei gert og heldur aldrei komið fram með bótakröfu.

Krafa aðalstefnanda í aðalsökinni eru greiðslur fyrir afhent mjöl samkvæmt samningunum milli aðila um sölu mjöls árið 1967 og 1968. Þessar greiðslur eru í samræmi við skilagreinar frá gagnstefnendum sjálfum og ekki vefngdar af þeim tölulega, eins og fyrr greinir. Aðalstefnandi á því réttmæta kröfu til greislna þessara úr hendi gagnstefnanda.

Eins og fyrr greinir er krafa gagnstefnanda í málinu greiðsla fébóta, sem þeir hafi orðið að greiða hinum erlendu kaupendum mjölsins vegna vanefnda aðalstefnanda á afhendingu mjöls upp í gerða samninga, svo sem segir í gagnstefnu: „greiðsla bóta fór fram í þeim gjaldmiðli (2)“, og í greinargerð gagnstefnanda í gagnsök: „... fjárhæðir þær, sem dekkunarkaup vegna vanefnda kostuðu umbj. m.“. Til stuðnings þessum kröfum hafa gagnstefnendur lagt fram ljósrit af „telex“-skeyti til sín, ódagsettu, og sýnir ekki annan sendanda en „oseddego Ldn“, en þar segir í þýðingu dómsins, að „við staðfestum, að G. Albertsson hafi upplýst, að vanefndir á afhendingu síldarmjöls frá 1967, sem kaupendur munnlega hafa fallist á að framlengt yrði fram á síldarvertíð 1968 án bóta, séu fyrir árið 1967 1946 tonn og fyrir árið 1968 519 tonn. Kröfur vegna þessara vanefnda verða gerðar í samræmi við verðmismun á því mjöli, sem afhenda átti, og þess verðs á síldarmjöli, sem þurft hafi að kaupa til fullra efnda.“ Gagnstefnendur hafa engin gögn önnur lagt fram um það, að hinir erlendu kaupendur hafi gert kröfu til þeirra um greiðslu skaðabóta vegna vanefndanna né heldur gögn um það, að þeir hafi greitt til þeirra bætur þrátt fyrir áskoranir aðalstefnanda um framlagningu slíkra gagna. Það þykir því alls ósannað af hálfu gagnstefnanda, að þeir hafi orðið að greiða bætur vegna vanefndanna. Af þeim sökum er eigi unnt að taka til greina gagnkröfu þeirra í málinu.

Niðurstaða málsins verður því sú samkvæmt framansögðu í aðalsök og gagnsök, að dæma ber gagnstefnendur til að greiða aðalstefnanda þá fjárhæð, sem hann gerir nú kröfu til í aðalsökinni, þó þannig, að hæð vaxta ákveðst 7 af hundraði af hverri fjárhæð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnstefnendur til að greiða aðalstefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 190.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Árna Vilhjálmssyni prófessor og Hafsteini Bergþórssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Gagnstefnendur, Guðmundur Albertsson og Hörður G. Albertsson persónulega og fyrir hönd firmans G. Albertsson, greiði aðalstefnanda, Síldarvinnslnunni h/f, Neskaupstað, kr. 2.367.556.23 með 7% ársvöxtum af kr. 275.955.27 frá 19. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 181.905.40 frá 22. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 337.524.88 frá 29. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 1.016.545.63 frá 22. mars 1968 til greiðsludags, af kr. 684.251.58 frá 10. apríl 1968 til greiðsludags, af kr. 323.378.07 frá 20. maí 1968 til greiðsludags og af kr. 347.995.40 frá 4. janúar 1969 til greiðsludags, en að frá-dregnum vöxtum af innborgun kr. 800.000.00 frá 26. nóvember 1968 til greiðsludags, svo og kr. 190.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
